

Ed.

### 111. Frumvarp

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út þriðja flokk (seriu) bankavaxtabréfa.

Flutningsmaður: Eiríkur Briem.

#### 1. gr.

Veðdeild landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf alt að 3 miljónum króna til viðbótar bankavaxtabréfaupphæð þeirri, sem hún má gefa út samkvæmt lögum 12. janúar 1900 um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík og viðaukalögum við þau 25. september 1902, sem og lögum 20. október 1905 um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan flokk (seriu) bankavaxtabréfa.

#### 2. gr.

Um bankavaxtabréf þau, sem gefin verða út samkvæmt þessum lögum og kölluð verða 3. flokkur (seria) vaxtabréfanna, gilda allar hinar sömu reglur og settar eru með áminstum lögum 12. jan. 1900, sbr. tilvitnuð lög 25. sept. 1902 og lög 20. oktbr. 1905, að svo miklu leyti eigi eru settar aðrar reglur með eftirfarandi greinum þessara laga.

#### 3. gr.

Landsbankinn leggur til tryggingarfé fyrir 3. flokki bankavaxtabréfanna, og skal það aldrei nema minni upphæð en  $\frac{1}{8}$  af verðhæð útgefinna bankavaxtabréfa þeirra, er óinnleyst eru á hverjum tíma. Tryggingarféð skal vera að helmingi í rikisskuldabréfum og að helmingi í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, útgefnum samkvæmt lögum frá 12. janúar 1900 og 25. sept. 1902, sem og lögum 20. oktbr. 1905, og skal upphæð tryggingarfjárins miðast við gangverð nefndra verðbrjefa. — Landsstjórnin varðveitir tryggingarféð, en vextir af því renna í landsbankann.

#### 4. gr.

Ráðherra Íslands og stjórn Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin.

#### 5. gr.

Veðdeildinni skal heimilt að veita bæjarfélögum, sýslufélögum og sveitarfélögum lán, er samþykkt séu af stjórnarráði Íslands, gegn veði í eignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfélagsins.

6. gr.

Þegar veðdeildin tekur jarðir að veði, má virða jarðarhúsin með eigninni, og gerist þess eigi þörf að þau séu váttrygð, ef verð þeirra nemur ekki  $\frac{1}{4}$  af virðingarverði jarðarinnar. Öll önnur hús skal virða sérstaklega og váttryggja, ef verð þeirra á að koma til greina við lánveitingar gegn veði í eigninni, sbr. 7. gr. í nefndum lögum 12. janúar 1900.

7. gr.

Þegar bankastjórnin eftir kröfum lágþega og samkvæmt 9. gr. nefndra laga 12. jan. 1900 á að annast um að koma bankavaxtabréfum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, er henni heimilt að selja þau svo sem þau ganga bezt eða taka þau eftir gangverði.

8. gr.

Þá er bankastjórn heimilt að telja veðdeildarlán eða eftirstöðvar þess komnar í gjalddaga án uppsagnar, ef skuldunautur vanrækir að halda húseignum viðunanlega váttrygðum, sem áskilið er að váttrygðar séu, sbr. 10. gr. og 7. gr. nefndra laga 12. jan. 1900.

9. gr.

Samkvæmt 11. gr. nýnefndra laga skulu skuldunautar veðdeildarinnar greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð á hverjum gjalddaga. Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs skal vera  $\frac{1}{2}$  af hundraði á ári af upphæð lánsins, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga, og afborgunargjaldið má eigi vera minna en svo, að láninu sé lokið á 50 árum, sé veðið jardeign, á 35 árum, sé veðið steinhús eða steinsteypuhús, á 25 árum, sé veðið timburhús, og á 15 árum, sé veðið torfhús. Sé lánið bæjar-, sýslu eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í því blaði á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

11. gr.

Sérstakan reikning skal halda fyrir 3 flokk bankavaxtabréfanna, og skal þeim til tryggingar vera sérstakur varasjóður, en í hann renna tekjur veðdeildarinnar eftir þessum lögum. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars kostnaðar, er af þessu leiðir, má greiða alt að því 2000 kr.

12. gr.

Ákvæði þessara laga snerta að engu leyti bankavaxtabréf þau, sem gefin eru út samkvæmt framannefndum lögum 12. jan. 1900 og 25. sept. 1902 og 20. okt. 1905.